



Heiti	Lyfjastefna
Númer	1.26
Blaðsíða	Bls 1 af 3
Útgefandi	Gæðateymi
Fyrsta útgáfa	2010
Síðasta endurnýjun	

Lyfjaávisanir á Hrafnistu eiga að vera í samræmi við vinnureglur um lyfjaskírteini lyfjajeildar Sjúkratrygginga Íslands.

Tilgangur

- Að tryggja heimilismönnum á Hrafnistu nauðsynleg lyf til að bæta heilsufar, varna sjúkdómum, lina þjáningar og koma í veg fyrir versnun sjúkdóma.
- Að koma í veg fyrir eða draga úr óþarfa aukaverkunum lyfja sem annars geta dregið úr lífsgæðum og skert færni.
- Að forðast milliverkanir lyfja eins og kostur er og ná þannig hámarksárangri lyfjameðferðar.
- Að auka öryggi í lyfjameðferð heimilismanna.

Markmið

Öryggi

Tryggja sem best öryggi í notkun lyfja með réttu vali lyfja í allri meðferð, með reglulegri endurskoðun og eftirliti með lyfjameðferð.

Gagnsemi

Hámarka ávinning (gagn við meðferð sjúkdóms, linun einkenna eða forvörn) að teknu tilliti til kostnaðar.

Hagkvæmi:

Auka eða viðhalda hagkvæmni í lyfjanotkun þar sem það á við.

Lyfjanefnd

Lyfjanefnd Hrafnistu er skipuð af framkvæmdastjórn. Í lyfjanefnd skulu sitja lækni og hjúkrunarfræðingur og geta þeir kallað til aðra fagaðila eftir þörfum til starfa í nefndinni.

Meðal verkefna lyfjanefndar er að:

- Framkvæma reglulega úttekt á notkun lyfja á deildum Hrafnistu.
- Fylgja eftir öryggisreglum í lyfjameðferð.
- Upplýsa lækna og hjúkrunarfræðinga um lyfjakostnað.
- Að finna ódýrasta lyfið í hverjum flokki og velja það sem skilar mestum ávinningi fyrir heimilismenn.
- Vinna að gerð lyfjalista.

Leiðir til að ná tilgangi og markmiðum

Örugg lyfjameðferð

- Íhuga alltaf aðrar leiðir en lyfjameðferð.
- Lyf eru ávísuð af lækni heimilisins og á ábyrgð hans.
- Ávallt skal kannað hvort lyfjaofnæmi sé til staðar.
- Forðast lyf þar sem aukaverkanir eru annað hvort algengar eða alvarlegar nema að ávinningur sé talinn verulegur og vegi upp ókosti meðferðar.
- Meðferð þar sem aukaverkanir eru algengar eða alvarlegar á að endurskoða reglulega.
- Endurskoða alla lyfjagjöf (ekki sjaldnar en árlega og alltaf þegar lyfjagjöf er aukin) m.t.t. aukaverkana og hvort nauðsynlegt sé að gera sérstakar rannsóknir vegna lyfjameðferðar. Skipuleggja má endurskoðun í kringum afmælisdag heimilismanns eða í tengslum við RAI-mat.
- Nýta rafrænar lyfjaútskriftir frá lyfjaskömmunaraðila til að tryggja kerfisbundið eftirlit.



Heiti	Lyfjastefna
Númer	1.26
Blaðsíða	Bls 2 af 3
Útgefandi	Gæðateymi
Fyrsta útgáfa	2010
Síðasta endurnýjun	

- Áður en bætt er inn nýju lyfi á að kanna hvort ofnæmi eða skert nýrnastarfsemi sé til staðar.
- Mælt er með þverfaglegri nálgun til bættrar notkunar lyfja.
- Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á framkvæmd lyfjagjafa.
- Hjúkrunarfræðingur skal styðjast við verklagsreglur í gæðahandbók varðandi lyfjafyrirmæli á Hrafnistu. Þar er m.a. farið yfir reglur varðandi lyfjagjöf án samráðs við lækni eða skráðra fyrirmæla.
- Hjúkrunarfræðingur yfirfari nýjar lyfjarúllur og beri saman við lyfjablöð þegar heimilismaður kemur heim af sjúkrahúsi og breyting er á lyfjum eða skömmtunaraðila.
- Hjúkrunarfræðingur kanni hvort heimilismaður notar önnur lyf en þau sem honum er ávísað s.s. lyf sem ekki eru lyfseðilskyld og upplýsi heimilismenn um mikilvægi þess að láta vita af slíkri notkun.
- Auðkenna á lyfjablöð á áberandi hátt ef um þekkt lyfjaofnæmi er að ræða eða ef heimilismaður er með sjúkdóma sem kalla á sérstaka gát í lyfjagjöf og þá einkum verulega skerta nýrnastarfsemi /langvinnur nýrnasjúkdómur á stigi 4 eða 5).
- Lyfjanefnd heimilisins fer með reglubundið eftirlit á lyfjanotkun og lyfjakostnaði.
- Lyfjageymslur skulu vera tryggar. Lyfjafræðingur framkvæmir gæðaeftirlit með uppsetningu, aðgengi og umgengni í lyfjaherbergjum og fyrningu lyfjabirgða. Stuðst skal við verklagsreglur í gæðahandbók varðandi geymslu lyfja.

Gagnsemi lyfjameðferðar

- Lyfjameðferð heimilismanna skal metin reglulega m.t.t. heilsufars.
- Heimilismenn sem nota mörg lyf (6 eða fleiri fyrir utan kalk og vítamín) á að endurmeta minnst þrisvar á ári með m.t.t. milliverkana, gagnsemi og aukaverkana.
- Verkjameðferð skal endurskoðuð a.m.k. mánaðarlega m.t.t. verkjastillingar.
- Heimilismenn á geðlyfjum, róandi lyfjum og svefnlyfjum skal meta reglulega m.t.t. árangurs lyfjameðferðar.
- Vinna skal markvisst að því að draga úr notkun svefnlyfja að staðaldri t.d með fræðslu um önnur úrræði.
- Geðrofslyf sem notuð eru gegn hegðunarvandamálum á að endurskoða á a.m.k. 3 mánaða fresti og alltaf stefnt að skammtímanotkun á meðan verið er að fást við vandann.
- Alltaf ætti að beita fleiri meðferðarúrræðum en lyfjameðferð þar sem því er viðkomið hvort sem er í stað lyfjameðferðar eða með lyfjameðferð.

Hagkvæm lyfjameðferð

Hagkvæmni fellst alls ekki í því eingöngu að nota ódýrari valkost þegar um margt er að velja heldur líka í reglulegu endurmati á gagni og aukaverkunum. Aukaverkanir geta valdið minnkun lífsgæða, hugsanlegri fötlun eða dauða og eru ósjaldan orsök sjúkrahúsinnlagna. Aukaverkunum má fækka með aukinni lyfjagát en einnig með notkun færri lyfja almennt.

- Nota skal lyf sem hagkvæmust eru nema brýnar rökstuddar undantekningar kalli á annað. Mikill munur er oft á verði lyfja innan sama lyfjaflokks sem eru læknisfræðilega mjög lík. Með lyfjalista er verið að aðstoða lækna við að velja ódýrasta valkostinn á sambærilegum lyfjum án þess að minnka gæði meðferðar. Gæði meðferðar skal alltaf vera í fyrirrúmi.
- Stefnt skal að því að inntökutímar lyfja séu sem fæstir yfir sólarhringinn og lyf gefin á matmálstíma, nema brýn nauðsyn kalli á annað, svo sem frásogshraði og milliverkanir.
- Gæta skal hagkvæmni í innkaupum og stuðla að samvinnu milli deilda t.d. við nýtingu lyfja sem sjaldan eru notuð en eru kostnaðarsöm.
- Lögum og reglum ber að fylgja og hlíta sem gilda um starfsemi dvalar- og hjúkrunarheimila



Heiti	Lyfjastefna
Númer	1.26
Blaðsíða	Bls 3 af 3
Útgefandi	Gæðateymi
Fyrsta útgáfa	2010
Síðasta endurnýjun	

Notendur lyfjastefnu

Stefna þessi tekur til þess starfsfólks sem hefur á einhvern hátt með lyfjameðferð á Hrafnistu að gera.

Fylgja skal og hlíta lögum og reglugerðum, m.a. eftirtöldum:

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga 2000 nr. 77 23. maí

Lög um málefni aldraðra 1999 nr. 125 31. desember

Lög um réttindi sjúklinga 1997 nr. 74 28. maí

Læknalög nr. 53 1988

Lyfjalög nr.93 20 1994 með breytingum 2004

Hjúkrunarlög nr.8 1974

Reglugerð nr. 850/2002 um skömmtnun lyfja í lyfjaöskjur

Reglugerð nr. 241/2004 um val, geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum

Sóttvarnarlög nr. 19/1997 ásamt síðari breytingum

Reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma ásamt síðari breytingum

Endurskoðun

Þessi stefna er undir ábyrgðarsviði framkvæmdastjórnar Hrafnistu. Hún skal endurskoðuð í apríl annað hvert ár og oftast ef þörf krefur til þess að tryggja að hún samrýmist markmiðum með starfsemi og rekstri Hrafnistu.

Unnið af SH/LAJ